

# Ráðstefna

## Foreldraorlof – umönnunarstefna og staða kynjanna á Norðurlöndum

Radisson SAS Hótel Saga, 22. október 2009, Reykjavík

Áhersla Norðurlandanna á samspil umönnunarstefnu og jafnréttis hefur vakið alþjóðlegan áhuga. Þrátt fyrir að Norðurlöndin eigi margt sameiginlegt hefur þróun síðustu ára leitt í ljós að löndin hafa valið ólíkar leiðir til að styðja foreldra. Rannsóknir og kynning á þeim leiðum sem farnar hafa verið er mikilvæg stöð fyrir þau lönd sem líta til Norðurlanda sem mögulegra fyrirmynda.

Hinn 22. október verður haldin á Íslandi ráðstefna um umönnunarstefnu, börn og jafnrétti á Norðurlöndum.

Á ráðstefnunni verður kynnt samnorræn rannsókn sem hafin er á umönnunarstefnu, kynja-jafnrétti og líðan barna. Í rannsókninni er meðal annars leitað svara við því hvernig fæðingar-orlofsréttur er nýttur og hvaða áhrif það hefur á samband foreldra og barna og stöðu kynja á vinnumarkaði. Dr. Ingólfur V. Gíslason lektor og Dr. Guðný Björk Eydal dósent við Háskóla Íslands stýra rannsókninni. Aðrir þátttakendur í rannsókninni eru:

- Dr. Tine Rostgaard - Danish National Institute of Social Research
- Dr. Johanna Lammi-Taskula - National Institute for Health and Welfare, Finland
- Dr. Berit Brandth - Department of Sociology and Political Science, Norwegian University of Science and Technology
- Dr. Ann-Zofie Duvander - Swedish Social Insurance Agency

Aðalfyrirlesari er Dr. Janet Gornick, prófessor í stjórnmála- og félagsfræði við City University í New York og meðhöfundur bókarinnar *Gender Equality: Transforming Family Divisions of Labor*. Dr. Janet Gornick er yfirmaður Luxembourg Income Study.

Ráðstefnan er á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, en Ísland gegnir formennsku í nefndinni þetta árið. Félags- og tryggingamálaráðuneytið og Jafnréttisstofa hafa umsjón með dagskrá jafnréttismála. Nánari upplýsingar veitir Jafnréttisstofa, með tölvupósti [jafnretti@jafnretti.is](mailto:jafnretti@jafnretti.is) og í síma 460 6200.

Ráðstefnan fer fram á ensku.

Skráning er á heimasíðunni: <http://www.yourhost.is/parentalleave2009/registration.html>



Ingi Valur Jóhannsson  
Formaður Jafnréttisnefndar  
Norrænu ráðherranefndarinnar

Nánari upplýsingar: <http://formennska2009.jafnretti.is/fm2009/?D10cID=news&id=15>



# Dagskrá

## Foreldraorlof – umönnunarstefna og staða kynjanna á Norðurlöndum

Radisson SAS Hótel Saga, 22. október 2009, Reykjavík

**08:30 – 9:00 Mæting og skráning í málstofur.**

09:00 – 9:15 Opnun ráðstefnu: Árni Páll Árnason, ráðherra félags- og tryggingamála.

09:15 – 9:20 Kynning: Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu.

09:20 – 10:20 Aðalfyrirlesari: Dr. Janet Gornick, prófessor í stjórnmálafræði og félagsfræði við New York háskóla og framkvæmdastjóri „Luxembourg Income Study“: *Kynjajafnrétti: Breytingar á verkaskiptingu fjölskyldna.*

**10:20 – 10:45 Kaffi.**

10:45 – 11:15 Johanna Lammi-Taskula og Ann-Zofie Duvander, Nýting fæðingarorlofsréttar á Norðurlöndum – *Norrænar mæður og feður í orlofi: Í átt að samnýtingu.*

11:15 – 11:45 Ingólfur V. Gíslason, Fæðingarorlof og launamunur kynjanna – *Hver, ef einhver, eru áhrif ólíkra tegunda fæðingarorlofs á launamun kynjanna?*

**11:45 – 12:45 Hádegisverður á Hótel Sögu.**

12:45 – 13:15 Guðný Björk Eydal og Tine Rostgaard, Umönnunarstefnur – *Er til norræn fyrirmynd að dagvistun barna?*

13:15 – 13:45 Berit Brandth, Hvað er best fyrir börnin? – *Umönnunarstefnur frá sjónarhóli barnsins.*

**13:45 – 15:15 Fjórar þematengdar málstofur:**

1. Nýting fæðingarorlofsréttar á Norðurlöndum.
2. Fæðingarorlof og launamunur kynjanna.
3. Umönnunarstefnur.
4. Hvað er best fyrir börnin?

Málstofurnar hefjast með erindum frá fulltrúum NIKK (Norræn rannsóknarstofnun í kynjafræðum). Að því loknu mun sérfræðingur á viðkomandi sviði halda erindi. Að loknum erindum verða umræður.

Boðið verður upp á kaffi og meðlæti í málstofunum.

15:30 – 16:30 Samantekt úr málstofum og umræðum. Stjórnandi: Ingólfur V. Gíslason.

**16:30 – 17:30 Móttaka.**

Nánari upplýsingar: <http://formennska2009.jafnretti.is/fm2009/?D10cID=news&id=15>

